



Flugslysaæfing Vestmannaeyjaflugvelli Apríl 20125 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið	2
1.1	Markmið	2
2	Undirbúningur og framkvæmd.....	3
2.1	Miðvikudagur (26. mars)	3
2.2	Þriðjudagur (1. apríl).....	3
2.3	Miðvikudagur (2. apríl)	3
2.4	Fimmtudagur (3. apríl).....	4
2.5	Æfingastjórn	4
2.6	Ráðgjafar	4
2.7	Þátttaka	5
2.8	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
2.9	Veður	5
3	Rýni.....	6
3.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur	6
3.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	8
3.2.1	Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa	13
3.3	Rafræn rýni – allir þátttakendur	13
3.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	13
3.3.2	Það sem vel var gert	13
3.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	14
3.3.4	Hvernig fannst þér að hafa æfinguna í miðri viku?	16
3.3.5	Annað sem þú vilt taka fram	17
4	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	18
4.1	Styrkur	18
4.2	Umbótatækifæri	18
5	Myndir frá æfingunni.....	20

1 Inngangur og markmið

Æfing í Vestmannaeyjum var haldin á vegum Isavia og almannavarna í apríl 2025 að undangengnum fræðsludögum. Um 150 manns tóku þátt í æfingunni sem æfir flugslysaáætlun flugvallarins. Hófst hún með leikinni brotlendingu vélar frá FlyNoMore þar sem 22 þolendur voru um borð.

Í upphafi var öryggi tryggt á slysstað, bráðaflokkað og unnið að því að komast að öllum þolendum. Því næst eru þolendur fluttir í flugstöðina þar sem þeir eru áverkametnir, sinnt og loks fluttir á viðeigandi Heilbrigðisstofnun.

Æfingar sem þessar skila sér í bættri samvinnu og verklagi viðbragðsaðila og gerir þeim kleift að takast á við hvers kyns hópslysaáskoranir. Aðgerðastjórn var virk á Slökkvistöðinni í eyjum sem og Samhæfingarstöð í Reykjavík. Vel heppnuð æfing og allir sem að henni komu reynslunni ríkari.

Ákveðið var að prófa að halda æfinguna á öðrum tíma og hún tímasett á fimmtudagskvöldi í stað laugardags. Ljóst er að bæði kostir og gallar eru við það fyrirkomulag sem verður áfram unnið með fyrir framtíðaræfingar.

Fyrir hönd æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir Isavia

1.1 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.

2 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur æfingar hófst með kynningarfundum fyrir hagaðila í lok febrúar 2025. Góð mæting var á fundinum og fulltrúar viðbragðsaðila á fundinum. Í framhaldinu var fræðsla að beiðni heimafólks stillt upp í eftirfarandi dagskrá. Fræðslan var vel sótt á netinu sem var í aðdraganda æfingar og í húsnæði Björgunarsveitarinnar við setningu æfingar. Ákveðið var að prófa að hafa æfinguna í miðri viku til að sjá hvernig það kæmi út. Fyrir vikið var æfingavikan fremur þétt nokkra daga að loknum vinnudegi hjá mörgum.

2.1 Miðvikudagur (26. mars)

Fjarfræðsla fyrir alla þátttakendur

19:30-20:10	Bráðaflokkun	LSH
20:10-20:30	Sálrænn stuðningur	RKÍ
20:30-21:00	Umgengni við þyrlur	LHG
21:00-21:45	Fjarskipti/tetra fyrir allar viðbragðseiningar	112

2.2 Þriðjudagur (1. apríl)

10:00 **Boðunarprófun** – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Vestmannaeyjarflugvelli
Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

Stöðufundur ráðgjafa – Flugvöllur
Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf
Uppsetning vettvangs

16:00-18:00 **Fræðsla fyrir aðgerðastjórn (AST) og Vettvangsstjórn (VST)**
Staðsetning: Slökkvistöð
Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST.

19:30-22:00 **Setning æfingar - Björgunarsveitahús - Allir þátttakendur**
Dagskrá:

- Setning - Lögreglustjóri eða staðgengill
- Tilgangur flugslysaæfinga og praktísk atriði varðandi æfinguna
- Flugslysaáætlun fyrir Vestmannaeyjaflugvöll og endurbætur
- Flæði slasaðra, frá slysstað að sjúkrahúsi
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna
- Almenn um skipulag í hópslysum (SÁBF)
 - Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
 - SST, AST, VST

2.3 Miðvikudagur (2. apríl)

17:00-19:00 **Skrifborðsæfing – Slökkvistöð** – Stjórnendur og verkþáttastjórnar þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórnar. (Aðrir áhugasamir geta fylgst með æfingunni)
Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálсан búnað.

20:00-21:00 Fundur fyrir leikara/pólandur og förðunarfolk – Björgunarsveitarhús

2.4 Fimmtudagur (3. apríl)

Stöðufundur ráðgjafa – Flugvöllur

Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf
Uppsetning vettvangs

16:00 Förðun leikara – Flugvöllur

18:00 Flugslysaæfing hefst – Allir þátttakendur

Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkpáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.

20:30 Rýnifundur fyrir stjórnendur á æfingunni (sjá lista yfir aðila hér f. neðan)

Staðsetning: Flugvöllur

(Athugið er fyrr eða seinna, er í beinu framhaldi og æfingu er lokið).

- | | |
|---------------------------------|-------------------|
| 1. Almenn um/stóra myndin | Æfingastjóri |
| 2. Aðgerðarstjórn | Aðgerðarstjóri |
| 3. Vettvangsstjórn | Vettvangsstjóri |
| 4. Leit og björgun | Björgunarstjóri |
| 5. Söfnunarsvæði slasaðra | Aðhlyningarstjóri |
| 6. Lokanir/umferð/talning | Gæslustjóri |
| 7. Móttaka og flutningur | Flutningastjóri |
| 8. Aðstandendur/fjöldahjálp/SSS | Rauði krossinn |
| 9. Umræður | Orðið laust |
| 10. Næstu skref | Isavia |
| 11. Æfingu slitið | Lögreglan |

2.5 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluþyrirvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Atli Gunnarsson	Almannavarnir
Æfingastjórn	Þórný Þórðardóttir	Almannavarnir
Æfingastjórn	Stefán Jónsson	Lögregla - Tengiliður heimamanna

2.6 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Tómas Már Pétursson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Ólafur Berry	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Sævar Ingi Borgarsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þorlákur Snær Helgason	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Hermann Karlsson	Almannavarnir
Ráðgjafi	Jakob Smári Magnússon	Rauði Kross Íslands

Ráðgjafi	Helgi Reynisson	Neyðarlína
Ráðgjafi	Ragnar Guðmundsson	RNSA
Ráðgjafi	Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Inger Soffía Ásgeirsdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Einar Daníelsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg

2.7 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á verklegu æfingunni. Athugið að um áætlaðar tölur eru frá einingum enda ekki talið á æfingunni sjálfri þó reynt sé að fylgja eftir ca. mætingu.

Þátttaka í flugslysæfingu fimmtudaginn 3. apríl 2025	
Eining	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	5
AST Slökkvistöð	4
Rannsóknanefnd samgönguslysa	1
Landhelgisgæslan (þyrla)	4
Ísavia	3
Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	0
Lögreglan	10
Slökkvilið SLV	22
HSU-Eyjar	27
Sjúkraflutningar	5
Björgunarfélag Vestmannaeyja	15
Björgunarskipið Þór	0
Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 18	4
Rauði krossinn á Íslandi	2
Lóðsins	0
LSH (greiningasveit)	6
Alls þátttakendur á vettvangi	99
Gestir	7
Leikarar	15
Ráðgjafar	17
Alls í eyjum (VST og AST)	142
ALLS (m/ SST)	Heildarþátttakendur
Allir	147

2.8 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Flugvél á vegum FlyNoMore brotlenti á Vestmannaeyjaflugvelli eftir bilun fyrir landingu. 22 þolendur voru um borð og var vettvangur dreifður. Skiptist vettvangur í bæði eld- og klippiverkefni auk þess sem þolendur þurftu aðhlyningu á slysstað.

2.9 Veður

Hæglætisveður, bjart en heldur napurt, þó sérstaklega fyrir leikara sem biðu björgunar á vettvangi.

3 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



3.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í flugstöðinni í Vestmannaeyjum þar sem boðið var uppá drykki og samlokur. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti.

Björgunarstjóri – Slökkviliðsstjóri

- Vöntun á fólki og bílum.
- Stundum fengið sendiferðabíla, hefði viljað það.
- Bið eftir flutningstækjum.

Ráðgjafi björgunarstjóra

- Bráðaflokkun hófst fljótt.
- Nota léttvatnið.
- Krefjandi klippuvettvangar.

Gæslustjóri

- Fór og skoðaði fékk yfirsýn yfir staðinn.
- 9,5 Gleymdi svo því að fá feedback og hvort vantaði og eins að láta vita.
- Aðkoma á vettvang, skilgreining krossum.
- Vantaði hlustun í keyrslu og að fá frá vettvangi.

Björgunarstjóri biðja um bjargir, 2 sjúkrabílar tómir á brautinni, hefðu mátt láta vita.

Fjarskipti betri en síðast, slapp.

Nýta talhóp, slökkviliðstjóri (skipta) orkusparandi.

Vera í flugturni þá er truflun af Isavia, fá annan stað fyrir VST?

Ráðgjafi VST.

Nýta aðstæður betur og umhverfi

- Kynna sér tölvubúnað og fleira
- Hvað þarf ég að meta
- Bílamál, áréttu að vantaði flutningstæki.
- 5 tæki mannlauk á braut
- Samtal verkþáttastjóra
- Ekki hlustun
- Óx ásmegin þegar á leið.

Flutningsstjóri

- Allt gekk sæmilega, allur mannskapur inn eða inn á svæði.
- Skorti flutningstæki
- Eh bílar sem hefði mátt nýta betur.
- Gekk betur en á skrifborðsæfingunni.

Ráðgjafi flutningastjóra

- Gaman að sjá vinnu á vettvangi
- Fólk þekkist.
- Hnökkrar, gott að nota þá resource-a sem eru til, nýta í umönnun, fá bílstjóra, hleðsla og setja bíla í vinnu
- Grænir – ekki senda eina og færa fólk burt.
- Ekki bíða – senda sjúklinga, koma í skjól.

Aðhlyningarstjóri

- Fjarskipti komust ekki inn.
- Fékk ekki svör
- 9-5 samskipti gengu vel.
- Þyrlla, vilja fá fólk inn að bera börur.
- Heilbrigðisstarfsmenn að
- Fólk að safnast saman, passa það
- Mjög gaman.

Ráðgjafi aðhlyningarstjóra

- Skiptu vel verkum
- Hvor væri að gera hvað, góð samvinna og stöðutékk.
- Tóku vel á móti auka mannaskap.
- Góð yfirsýn af SSS.
- Flutningar, bið eftir flutningum.
- Vantar alltaf alls konar fólk í störf inni á SSS.
- Fært til eftir þörfum.
- Eitt merkt vesti – vantaði. Allir vissu hver þær voru samt.

Gæslustjóri

- Gengið ágætlega.
- 5 saman, 2 á vettvangi, talning inn + út, 1 í umferðastjórn.
- Ekki hnökkrar, allir komnir i nn
- Bráðaflokkun á blaði hér inn á SSS
- Ekki bráðaflokkun

Ráðgjafi gæslustjóra

- Skipulag flott

Aðgerðastjórn

Stefán lögregla ekki á staðnum fyrst.

Svo yfirflæði af spurningum fyrstu mínúturnar.

Ráðgjafi Aðgerðastjórnar

- Heilt yfir mjög gott
- Skipuðu í stöður, voru með stöðufundi, streymi frá VST og rauða svæðinu.

Æfingin gekk gríðarleg vel, náði markmiðum núna þarf að klára endurskoðun á áætluninni og gefa út.

Helgi 112

Í dag var kveikt á nýjum tetrasendi sem var notaður á æfingunni. Hann kom rosalega vel út.

3.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum. Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er hún eftirfarandi.

Þórný Þórðardóttir Almannaþingarnir

- Góð mæting á fræðslu og áhugasemi heimafólks.
- Í AST var skipað í stöður og nýttar voru töflur og skjáir fyrir streymi frá vettvangi. Voru með yfirsýn, tóku stöðufundi.
- Sinntu þeim verkefnum sem til þeirra komu frá VST og voru í sambandi við SST um bjargir o.fl.
- Hefði viljað sjá fulltrúa frá RKÍ í V.eyjum í AST. Einnig að áréttu að það sé mikilvægt að fulltrúi frá HSU sé í AST en ekki á Teams.

Jakob Smári Magnússon

Rauði krossinn

- Fræðslan var nokkuð góð og hnitmiðuð, sem nýliða fannst mér fræðslan dálítið almennt í stað þess að fjalla beint um æfinguna sjálfa og hlutverk þar. Held hún hafi bara gengið almennt vel. Var mín fyrsta æfing svo ég hef engan samanburð
- Ég var á AST sem var dálítið kaótískt. Hlutverk hvers og eins virtust ekki vera á hreinu. T.d fleiri en einn að logga sömu aðgerð.

Hermann Karlsson

Almannavarnir

"Undirbúningur gekk vel að ég best gat séð. Ég kom til Vestmannaeyja 2 dögum fyrir æfinguna og átti annarsvegar fræðslu með áhöfn AST um hlutverk og verkefni AST í aðgerðum sem þessum og síðan með lögreglunni hins vegar varðandi þeirra helstu verkefni. Báðir þessir fræðslufundir voru mjög vel sóttir og ljóst að á stöðum sem þessum þá eru ""staðarfundir"" nauðsynlegir og fólk mjög áhugasamt að mæta.

"Almennt vel undirbúið "Æfingin sjálf gekk í heildina mjög vel og efast ég ekki um að það fengu allir krefjandi áskoranir og skiluðu því með sóma.

Ég var ráðgjafi fyrir VST og var mestmegnis með þeim í aðstöðu þeirra í flugturninum, efstu hæð.

Sú aðstaða er ágæt að flestu leiti og yfirsýn góð yfir báðar flugbrautirnar en takmörkuð sýn inn á fluglaðið nema í gegnum vefmyndavél sem staðsett er í turninum. Í turninum er m.a. möguleiki á að nota tvær borðtölvur sem eru þar og vinna á þeim t.d. við aðgerðagrunn og streymi svo eitthvað sé nefnt.

Áhöfn VST var nokkuð vel meðvituð um hvernig verkefnið þróaðist áfram og í samskiptum við verkþáttastjórnara og AST.

Á skrifborðsæfingunni var fólki tíðrætt um álag á fjarskiptum og að fjölga talhópum en ég held að almennt hafi fólk séð á raunæfingunni að þess væri ekki eins mikil þörf og fólk taldi.

Vert er að geta að þátttaka á æfingunni var mjög góð og á heimaþólk stórt hrós skilið." "Sem ráðgjafi fyrir VST þá eru hér nokkrir punktar,

- Í flugslysaáætluninni er forskrifað að flugturninn sé samastaður VST, áhöfnin hefði getað verið búin að líta þar við og skoða aðstæður og jafnvel huga að því með hvaða hætti aðstaðan yrði notuð.

- borðtölvurnar lítið sem ekkert notaðar

- það er ávallt áskorun fyrir viðbragðsaðila, sem vinna almennt í sínu fasta umhverfi að koma inn í umhverfi þar sem notast þarf við annan búnað s.s. tölvur. Þá er gott að vera með skráð hjá sér þau aðgangsorð inn í hina ýmsu grunna og kerfi sem mögulega þarf að notast við.

- gott hefði verið að setja fólk í áhöfninni til verka, s.s. fjarskipti og skráningar

- þar sem yfirsýn úr turninum var mjög góð yfir vettvang hefði verið hægt að vera í enn betri samskiptum við björgunarstjóra og gæslustjóra varðandi umferðarskipulag. Ljóst var að skilaboð varðandi akstursleiðir og aðkomu að vettvangi var ekki að skila sér með réttum hætti.

- Reglulega kom fram hjá björgunarstjóra að honum vantaði flutningstæki til að flytja frá vettvangi. Lengi vel mátti sjá á sama tíma mannláusar sjúkrabifreiðar skammt frá vettvangi. Tryggja þarf að

þegar viðbragðsaðilar koma inn á vettvang sem þennan að ökutæki sé áfram mönnum bílstjórum og til notkunar sé þess þörf.

- Án þess að vita hvað olli því þá reyndi VST í tvígang að ná beinu sambandi við flutningstæki, annarsvegar sjúkrabíl og hins vegar björgunarsveitarbíl, sem voru á leið frá vettvangi í SSS með sjúklinga en fengu ekki svörun. Tilefni þess að ná þurfti í þessi tæki var að ítreka að flugbrautin væri lokið fyrir bílaumferð vegna flugumferðar en ökumenn þessara tækja virtust ekki hafa upplýsingar um það. " Æfing þessi var ekki á hefðbundnum tíma fyrir flugslysaæfingu, þ.e. var síðdegis á fimmtudegi og höfðu fræðsla og skrifborðsæfing átt sér stað á þriðjudegi og miðvikudegi að loknum hefðbundnum vinnudegi hjá flestum. Ekki var að sjá á mætingunni annað en að þetta hefði mælst vel fyrir og þá var ekki að heyra á heimafólki annað en jákvæð viðbrögð. Sjálfum fannst mér þetta vera fín tímasetning og eiga vel við á mörgum öðrum stöðum, þó svo að stærstu flugvellirnir verði að vera á áfram á laugardögum vegna umfangs og tímalengdar æfinganna þar.

Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir og Inger Sofia Ásgeirsdóttir Heilbrigðisþjónusta

Skipulögð og góð fundar- og fræðsludagskrá. Samskipti við HSu góð. Miklar óskir um fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk, mikill áhugi og gekk vel. Mikill áhugi hjá öllum þátttakendum í Vestmannaeyjum, góð þátttaka og metnaður í öllum undirbúningi. Gekk allt vel.

Skrifborðsæfing:

Gott skipulag, kostur að verkþáttarstjórar þekktust utan æfingar. Tetra kunnátta almennt góð og starfsfólk HSu, sem notar tetra takmarkað, höfðu gott vald á fjarskiptamálum. Flæði gott, aðhlyningarstjórar með gott sjálfstraust og stóðu vel á eigin fótum.

Æfingin:

Gekk vel að setja upp SSS, aðhlyningarstjórar áttu góð samskipti sín á milli og við starfsfólk á SSS. Aðhlyningarstjórar náðu að hafa góða yfirsýn yfir SSS. Starfsmaður á flugvellinum var FRÁBÆR, þekkti svæðið vel, var gestrisinn, liðlegur og hjálplegur - reddaði því sem þurfti að redda. Tók tillögum um breytingar vel.

Bráðaflokkun gekk vel, áverkamat gekk vel sem og umönnun sjúklinga. Samstarf milli starfsmanna á SSS og annarra sem komu til aðstoðar (hvort sem voru bjsv menn, sjúkraflutningar eða viðbragðsveit LSH) gekk mjög vel, öll samskipti mjög kurteis og samvinna í fyrirrúmi. Flæði starfsfólks milli svæða eftir þörfum hverju sinni gekk smurt. "

"Skrifborðsæfing:

Smávægileg vandræði með tvær tetrastöðvar frá HSu. Fengu þó aðstoð Helga R. á meðan á æfingunni stóð. Skilaboð milli verkþáttastjóra skiluðu sér ekki alltaf í fjarskiptum og heldur mikið óskipulag í fjarskiptum. Óljós útvíkkun á fjarskiptaskipulagi sem olli vandræðum fyrir aðhlyningarstjóra.

Æfingin:

Flutningur af SLY inn á SSS gekk hægt og sjúklingar urðu sumir mjög kaldir. Þurfti að nota hitateppi og heita vökva undir ullarteppi til að hlýja nokkrum sjúklinganna. Vantaði fólk í flutning milli svæða á SSS, heilbrigðisstarfsfólk þurfti að sinna flutningi sem seinkaði áverkamati og olli töfum í umönnun sjúklinga. Einnig var bið eftir flutningi af SSS. Á meðan sjúklingar biðu eftir flutningu stóðu bílar auðir, hefði verið hægt að nýta mannskap betur í flutning, t.d. með því að nýta bjsv til að keyra sjúkrabíla innan vallar meðan sjúkraflutningamenn sinntu sjúklingum. Hefði einnig verið hægt að nota búnað

sem er til staðar á flugvellinum til þess að nota fyrir flutning sjúklinga milli svæða, t.d. farangurskerrur sem voru ""á bakvið"".

Vantar vesti fyrir aðhlyningarstjóra og takmarkað af búnaði hjá HSu til að fara með út af sjúkrahúsinu og skipulagi búnaðar ábótavant.

Vegna skorts á vestum fyrir aðhlyningarstjóra var ekki skýrt um leið fyrir utanaðkomandi hver væri stjórnandi en aðhlyningarstjórar tóku þó vel á móti viðbragðssveit LSH og um leið og samtali hófst fór ekki á milli mála hver væri stjórnandi á SSS. "

Vel skipulögð, vel uppsett æfing og frábærar móttökur Eyjamanna. Takk fyrir okkur.

Helgi Reynisson Neyðarlínan Tetra

Vel sóttir fyrirlestrar miðað við stærð svæðis.

Ég er og hef alltaf verið þeirrar skoðunar, hvernig mér sjálfum tekst svo sem til, að fyrirlestrar eigi að vera samtali og koma inn á það efni sem fólki finnst að skipti máli, sjálfur er ég alltaf búinn að vera í sambandi við þá viðbragðsaðila á hverju svæði og biðja um punkta sem þeim finnst að þurfi betur að fara í en annað. Sjálf æfingin að mínu viti í Gesta hlutverkinu mínu gekk frábærlega og þeir hnökra sem komu upp leystir, sem er jú tilgangur æfinga, þannig að í heildina var þessi æfing mjög góð og greinilega þjappaði fólkinu sem tók þátt saman. Það er aldrei hægt að gera ráð fyrir að æfing gangi hnökralaust fyrir sig, til þess eru þær jú, en veðrið hefði mátt spila meira með okkur.

Takk fyrir mig og ykkur öllum fyrir velheppnaða æfingu.

Þorlákur Snær Helgason Isavia

Sá um fræðslu fyrir slökkvilið Vestmanneyjar, Lögreglu og Isavia um flugvélaþekkingu og aðkomu að flugslysi, það voru 16 frá slökkviliði 4 frá lögreglu og 2 frá Isavia.

Aðkomuskýrslan var mjög góð.

Þjörgunarstjóri staðsetur á góðum stað.

Samstarf viðbragsaðila gekk vel

Það væri mjög gott að turnmaðurinn mundi hafa slökkvigallann hjá sér upp í turni og koma beint á vettvang í staðin fyrir að fara fyrst í vélaskemmu til að galla sig upp á fara með slökkvibíll.

Starfsmenn Isavia voru of lengi á staðinn 5 mín. og 11 sek.

Það var einhver vandræði með monitor á Isavia slökkvibíll og svo voru þeir að vinna á móti vindi þannig að þegar monitor kom í gagnið þá náðu þeir ekki að eldinum.

Það var ekki notað léttvatn eða froða í fyrstu.

Grétar Karlsson Isavia

Mjög fínt og fín mæting.

Vel planað hjá bæði Isavia starfsmönnum og eins slökkviliði Vestmannaeyja, Réðust strax á elda sem ógn var að. Björgunarstjórar náðu nokkuð fljótt ágætu yfirliti yfir vettvanginn, skipulögðu bjargir og sendu þær fljótt á öruggt svæði sem var vel gert. Á tímabili var unnið í 4 "vettvöngum" samtímis og það er mjög flott. Klippuvinna sem var töluvert krefjandi og björgun úr þeim vettvöngum gekk heilt yfir vel.

Það var áberandi hversu hægt gekk að slökkva elda, aðal örsökin var of lítið slökkvivatn var notað. Þ.e í svona miklum hita þarf að nota stærri slöngur og léttvatn. Mjög mikið var um bjargir (björgunarsveitarfólk, sjúkraflutningamenn og slökkviliðsmenn) gengu fram hjá og ræddu ekki við liggjandi þolendur sem búið var að bráðaflokka, jafnvel þó svo að þolandinn væri fyrir.

Alltaf gaman í eyjum.

Ólafur Þór Berry Isavia

Mér fannst undirbúningur ganga vel fyrir æfingu - bæði fundir með öllum sem komu að þessu og svo með ARFF teyminu sem ég var í. Mér fannst ég vera vel upplýstur eftir fundi fyrir sjálfa æfinguna. Við höfðum allt til alls til að skila okkar vinnu á tilsettum tíma - tæki og búnað.

Skipulagið var gott miðað við stærð æfingarinnar - engir hnökrar eða tafir sem ég tók eftir tengt minni vinnu.

Viðbragðsaðilar á mínum vettvangi sem var klippivettvangur (man ekki hvort það var K1 eða K2)- allavega sá sem var nær flugbraut var mjög vel unninn, forgangsatriði á hreinu, tryggðu vettvang og öryggi áður en þeir fóru að vinna við að komast inn í flakið.

Flugvallaþjónustan var fyrst á vettvang á slökkvibílnum sínum og því miður þá náðu þeir ekki vatni út úr þakbyssu og voru of langt frá.

Ég væri alveg til í að taka þátt í þessu aftur :)

Tómas Már Pétursson Isavia

Góð mæting á fundina, greinilega mikill áhugi heimamanna.

Björgunaraðgerðir gengu vel og vinnubrögð góð. Bráðaflokkun byrjaði strax og gekk vel. Flott vinnubrögð við klippivettvang sem voru mjög krefjandi. Fyrsta viðbragð flugvallarstarfsmanna hefði mátt vera betra. Þakbyssa slökkvibíls virkaði ekki í fyrstu og bíll var alltof langt frá eldinum þegar náðist loks að sprauta. Einnig var ekki notað léttvatn við slökkviaðgerðir. Sama má segja um bæjarlökkviliðið en með léttvatni hefði mátt slökkva miklu fyrr eldana sem loguðu. Léttvatnið kom þó á endanum og heyrði ég skýringu frá stjórnendum bæjarliðsins að þetta hafi verið viljandi gert til að menn myndu fá betri æfingu við að slökkva eldinn. Ég veit ekki hvort það séu eðlileg vinnubrögð á svona æfingu.

Þótt æfingin hafi gengið vel og gaman að prufa að hafa hana á öðrum tíma en um helgi þá hentaði það ARFF teyminu ekkert sérstaklega að hafa hana svona seint um daginn m.t.t. frágangs á svæðinu sem lenti fyrir vikið á heimamönnum.

3.2.1 Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa

Umsjón leikara gekk vel á æfingunni, förðun var í flugstöðinni sjálfri fyrir æfinguna og var umsjónaraðili leikara ásamt ráðgjöfum heilbrigðishluta sem sáu um förðun. Allir ráðgjafar fylgjast með líðan leikara á æfingunni. Almennt var þolendum sinnt vel, margir þó orðnir kaldir sem hefði mátt koma í veg fyrir með teppum og slíku á vettvangi.

3.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

3.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku 26 aðilar þátt í rýni, frá flestum viðbragðsaðilum en flestir svör bárust frá heilbrigðisstarfsmönnum.

3.3.2 Það sem vel var gert

3.3.2.1 Undirbúningur æfingar

- vel
- Ágætis æfingar og fundir
- Flest allt
- Góðir fyrirlestrar fyrir æfinguna
- Kynning og setning æfingar
- Datt inn sem varamaður og horfði bara á youtube hlekk, get því ekki svarað
- undirbúningur gekk vel og var fræðslan mjög gagnleg.
- Fjarfundurinn var mjög góður, aðra fundi/fræðslu komst ég ekki á.
- Gekk allt vel
- Ágætis fundir og fræðsla sem var gott að fá.
- Fróðlegt að fá innsýn inn í bráðaflokkunina
- já, góð fræðsla og mikið lagt í undirbúning
- Mér fannst fundirnir og fræðslan, sem ég sótti, ganga almennt vel og vera fróðlegt.
- "Gekk allt vel en er að taka þátt í fyrsta sinn svo ég hef ekki viðmið.
- Það mætti fara yfir grunnatriðin fyrir þá sem eru í fyrsta skiptið á svona æfingu. Þeas hvað er hlutverk hversrar stjórnar og hverjir eru í hverri stjórn, hvað skammstafanirnar allar þýða. "
- Maður fékk mikið rými til að spyrja og skrifborðsæfingin var vel heppnuð og góður undirbúningur
- Fræðslan var nokkuð góð og hnitmiðuð
- Fræðslan til fyrirmyndar. Mjög vel gert.
- Skrifborðsæfingin leiddi í ljós nokkra vankanta sem voru sniðnir af í æfingunni sjálfri.
- Góður teams fundur þar sem farið var yfir helstu atriði.
- Vel- fín og góð fræðsla

- Góð og vel skipulögð fræðsla um hvernig á að bráðaflokka og áverkameta, sem var gott fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem hefur ekki verið í þessu áður.
- Fræðsluerindin almennt góð og gagnleg
- Það var enginn fundur eða fræðsla fyrir mig.
- Allt var í rólegheitunum, mjög æfingalegt.
- Fínn fjarfundur
- N/A

3.3.2.2 *Framkvæmd/úrlausn æfingar*

- ekkert held ég
- Enn og aftur. Vantar að allir viðbragðsaðilar séu með kunnáttu á Aðgerðargrunninn.
- ?
- Góð fræðsla
- Sama og að ofan
- Fannst þær fræðslur sem að voru í boði fyrir heilbrigðisstarfsfólk gagnlegar og skýrar.
- Það hefði mátt hafa alla fræðsluna/fundina aðgengilega í gegnum fjarbúnað. Hún spannaði yfir vikuna og ekki endilega aðgengileg fyrir alla að mæta.
- Ekkert sem mér dettur í hug
- Hefði viljað sjá meira en rauðakrossinn gæsluna og tetra. Hefði viljað fá kynningu frá
- eins og venjulega fjarskipti, má æfa fjarskiptaplan.
- Ekkert sem ég man eftir.
- Að setja niður hverjir þurfa að mæta á fundina sem haldnir eru. Mismikilvægt að mæta á þá miðað við hvert hlutverk manns er á æfingunni. Ef maður þarf að velja og getur ekki mætt á allt þá er gott að vita hvað er brýnast miðað við hlutverk.
- Þetta var mjög mikill undirbúningur og kannski ekki allt sem átti við alla hópa
- Sem nýliða fannst mér fræðslan dálítið almenn í stað þess að fjalla beint um æfinguna sjálfa og hlutverk þar.
- Ekkert sem mér dettur í hug.
- Undirbúningur fjarfunda hefði mátt vera betri
- Hef ekki nægilega innsýn í undirbúninginn til að gagnrýna undirbúninginn
- Ég man ekki eftir neinu
- Hefði mátt skipta fræðslunni betur upp eftir fögum og alltof mikið talað í skammstöfum á fyrirlestrum.
- Lítið sem ekkert við það að athuga
- Ekkert endilega.
- ekkert sérstakt
- Etv skoða betur hvað væri í töskum viðbragðssveitarinnar - hafa meira af lyfjum?
- N/A

3.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

3.3.3.1 *Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar*

- undirbúningur gekk vel að undirbúa móttöku sjúklinga
- Vettvangsæfingin gekk best
- "Æfingin gekk að mestu leiti vel, smá hnökkrar.

- Enn til þess er æfingin."
- Vettvangsæfing: Æfingin gekk vel að mínu mati
- Æfingin sjálf var góð reynsla, ekki síst um hvað mátti betur fara
- Vettvangsæfing: Mér fannst gagnlegt að fara í gegn um lager LSH og fara með landhelgisgæslunni á vettvang. Mér fannst verða nokkuð skýrt nokkuð hratt hvar mín var þörf í SSS eftir að viðbragðssveitin var kölluð inn.
- Æfingar gengu heilt yfir mjög vel. Smá samskipta vandi með talstöðvar en það fylgir alltaf
- "Gekk yfir höfuð vel"
- Það gekk vel að komast á slysstað.
- Hröð og ákveðinn
- verulega góð mæting, verkefni vönduð, skrifborðsæfing gekk vel og rennsli á vettvangsæfing gekk mjög vel
- Mér fannst vettvangsæfingin ganga yfir höfuð nokkuð vel. Smá hnökrar í fjarskiptum eins og oft áður en það reddaðist allt. Viðbragðsaðilar unnu sín verk nokkuð vel að sjá.
- Samskipti og samvinna
- Held hún hafi bara gengið almennt vel. Var mín fyrsta æfing svo ég hef engan samanburð
- Gekk mjög vel í heildina.
- Fannst þetta almennt ganga vel.
- Samstarf allra aðila af ýmsum fagstéttum og geirum
- Allt nema neðangreint
- Vettvangsæfing. Gekk vel , góð samvinna.
- Fyrri skrifborðsæfing eins og oft æfing fyrir æfinguna, svolítið kaos þar sem aðallega fólk var að komast inn í sitt hlutverk, seinni skrifborðsæfingin gekk mun betur að mínu viti.
- Gott að sjá myndir frá staðnum í gegnum búkmyndavélar.
- x
- N/A

3.3.3.2 *Það sem betur mátti fara á æfingunni*

- talstöðvar virkuðu ekki
- Að mínu mati of lítið pláss fyrir skrifborðsæfinguna með öllum eftirlitsaðilum og þátttakendum.
- "Betri skipulag hjá okkur í vst.
- Spurning með aðra staðsetningu á vst næstu æfingu."
- Vettvangsæfing: Hefðum mátt hafa neyðartöskurnar betur útbúnar, vantaði oft fólk í flutning á milli svæða
- Skrifborðsæfingin var (illa) skipulagt kaos.
- Vettvangsæfing: Vantaði tilfinnanlega barnavörur þar sem ungabarn var á meðal slasaðra t.d. broselow stika og glasgow coma skali fyrir börn undir tveggja ára. Legg til að gert verði barnabúnt/taska fyrir framtíðar æfingar.
- Nú get ég bara talað út frá sjálfri mér en ég var staðsett á söfnunarsvæði slasaðra (grænt svæði) en ég var þar einungis í nokkrar mínútur, það sama má segja um þær sem voru með mér þar. Það sárvantaði flutningsfólk og var ég í því hlutverki mestalla æfinguna.
- Byssa á slökkvibíl stóð á sér sem var vont og skapaði smá paník. Upplýsingar varðandi sjúkravélar sem komu á vettvang voru óreiðukenndar og skiluðu sér ekki nógu vel.

- Samskipti á milli AST og VST. Held að lögregla á héraði hefði mátt vera með stjórn á AST en ekki fá einhvern úr bænum. Vantaði þínu innsýn.
- æfa fjarskiptaplan, mátt taka stjóra rennsli bara í fjarskiptum
- Vettvangsæfing. Það sem ég tók helst eftir voru smávægilegir hnökrar í fjarskiptum en það leystist allt á endanum.
- Það vantaði fleiri til að bera slasaða á vettvangsæfingunni. Það er líka alltof mikið af stjórnendum í þessu skipuriti og stundum var óljóst á hvaða stjóra maður þurfti að kalla
- "Vettvangsæfing - Ég var á AST sem var dálítið kaótískt. Hlutverk hvers og eins virtust ekki vera á hreinu. T.d. fleiri en einn að logga sömu aðgerð.
- Skrifborðæfing - Sumir hefðu mátt sýna meiri yfirvegum og hafa stjórn á skapi sínu ;)"
- "Fjarskipti hefðu mátt ganga betur á fyrri skrifborðsæfingu. Hefði mátt virkja fjarskiptaplanið. Fjarskiptin gegnu þó vel á raunverulegu æfingunni.
- Einnig var enginn fulltrúi frá HSU í AST á skrifborðsæfingum (var á Teams en engin í AST vissi af því og því engin samskipti. Gengur ekki að vera með fulltrúa á Teams í AST nema í undantekningartilvikum og þá bara í stutta stund. Komu fulltrúar frá HSU í AST á æfingunni sjálfri og margsýni það sig að fulltrúi frá þeim verður að vera þar inni, t.a.m. með hlustun/miðlun af rás 9-5
- Samkvæmt viðbragðsaðilum voru leikarar ekki komnir í hlutverk þegar þá bar að.
- Klippivettvangar voru of krefjandi að mínu mati. Betra væri að reyna að líkja eftir klippisvæði flugvéla eða hreinlega klippivinnu í umferðarslysi. Ekki í gegnum tvöfaldan botn á sendibíl. Ekki raunhæft að mínu mati.
- Betri merkingar á heilbrigðisstarfsmönnum á SSS
- Það hefði mátt vera svæðisstjóri á sss sem heyrði beint undir aðhlyningarstjóra til að koma upplýsingum beint bæði upp og niður. Upplýsingar töpuðust við flutning af sss. Það hefði líka mátt undirbúa betur að nánast allir sjúklingar yrðu rauðir því mönnun var aðeins misjöfn eftir svæðum miðað við sjúklingafjölda. Hefði mátt fá hrausta einstaklinga í flutninga inni á sss því viðbragðsaðilar sem komu með sjúklinga í hús hurfu á sekúndunni. Dýrmætur tími heilbrigðisstarfsfólks á ekki að fara í að bera slasaða milli svæða. Björgunarsveitin og slökkvilið kom alltof seint í hús til að verða að nokkru gagni í því (eins og var að skrifborðsæfingum....)
- Vettvangsæfing: Vantaði fleira fólk í að bera sjúklinga, heilbrigðisstarfsfólk var of mikið í því þegar það hefði verið betur nýtt í önnur störf. Hefði líka þurft ögn betra skipulag hjá okkur á rauðu svæði.
- Eins og hér að ofan var skrifborðsæfingin sú fyrri þannig að fólk var ekki alveg að skilja sitt hlutverk, þannig að þeir aðilar sem voru stjórnendur hefðu mátt vera búnir að fá auka æfingu í sínum hlutverkum, það hefði eflaust komið í veg fyrir þá núninga sem urðu.
- x
- N/A

3.3.4 Hvernig fannst þér að hafa æfinguna í miðri viku?

- Hentar vel 11%
- Alveg sama 42%
- Hentar verr 42%

3.3.5 Annað sem þú vilt taka fram

- Fá æfingu með heimafélki og kannski 3-4 ráðgjöfum að hámarki.
- Nei
- Of mörg kvöld í vikunni beint eftir vinnu.
- Frábært að fá svona æfingu, læri alltaf eitthvað nýtt. Takk fyrir
- Þetta var heilmikið fjör og ég lærði margt
- Nauðsynlegt og gagnlegt að hafa svona æfingar.
- Svona æfingar mættu vera oftár (ekki endilega í þessari stærðargráðu) því lærdómurinn sem má draga af þeim er mikill.
- Mér fannst æfingin góð yfir höfuð. Hún var vel sett upp og viðbragðsaðilar unnu sitt starf vel. Fín æfing.
- Það mætti æfa einhverjar raunhæfari aðstæður næst, t.d. rútuslys.
- Taka má meira tillit til "sjálfboðaliða" bjsv og slökkvilið sem voru að mæta eftir fullan vinnudag við önnur störf. Finnst betra að hafa þetta á Laugardegi. Jafnvel 14:00- 17:00
- Undirritaður hefur tekið þá í fjölmörgum æfingum og nú síðari árin sem fyrirlesari og gestur á vettvangi, tel að það að mæta á æfinguna geti gagnast flestum sem að viðbragðsmálum koma hvort heldur er heimafélk eða úr öðrum embættum.
- Ánægð með æfinguna. Helst að það vantaði meira af lyfjum í töskur viðbragðssveitarinnar. Athuga hvort mætti að vera vídíóskóp í töskum viðbragðssveitarinnar?

3.3.5.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 8,62 af 10.

4 Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

4.1 Styrkur

- Góð æfing og fróðleg fræðsla.
- Gott rými til að spyrja spurninga og skrifborðsæfing vel heppnuð.
- Góður undirbúningur æfingar og eininga.
- Aðkomuskýrsla björgunarstjóra mjög góð.
- Gæslustjóri fór og skoðaði aðstæður og fékk góða yfirsýn vettvang.
- Góð verkaskipting, yfirsýn og gott skipulag á Söfnunarsvæði slasaðra
- Kveikt var á nýjum tetrasendi sem koma vel út.
- Góð mæting á fræðslu í tengslum við æfinguna.
- Starfsmaður Isavia á flugvelli einkar liðlegur og hjálplegur, ásamt því að taka tillögum um breytingar vel frá heilbrigðisfólki.
- Samskipti milli viðbragðseininga mjög góð og samvinna í fyrirrúmi.
- Gott að sjá myndir í gegnum búkmyndavél.

4.2 Umbótatækifæri

Umbótatækifæri	Eigandi
Vera með betra skipulag á rauða svæðinu á SSS	Aðhlyningastjóri
Vöntun á viðbragðsaðilum	Allir
Margir að skrá það sama í aðgerðagrunn í AST	AST
Nýta bíla betur, tveir sjúkrabílar tómir stóðu lengi vel	Flutningastjóri
Vera með aðila í flutningum og aðstoð inná SSS	Flutningastjóri
Fulltrúi frá heilbrigðisstofnun sé í AST, ekki bara á Teams. Var það á sjálfri æfingunni og mikilvægt að vera á Blár 9-5	Heilbrigðisstofnun
Vantar vesti fyrir aðhlyningarstjóra og takmarkað af búnaði hjá HSu til að fara með út af sjúkrahusinu og skipulagi búnaðar ábótavant.	Heilbrigðisstofnun
Vantaði barnavörur, ungabarn á meðal slasaðra, vantaði broselow stiku og glasgow coma f. börn undir tveggja ára	Heilbrigðisstofnun
Vandræði með mónitor, unnið á móti vindi og náði ekki að eld.	Isavia
Hægt gekk að slökkva elda, nota þarf meira slökkvivatn, stærri slöngur og léttvatn.	Isavia
Ekki notað léttvatn eða froða í fyrstu.	Isavia / Slökkvilið
Ætti að vera meira af lyfjum í töskum viðbragsveitar	LSH
Fulltrúi frá RKÍ sé í AST	RKÍ
Betri þekking á aðgerðagrunni	Viðbragðsaðilar
Fólk sé með lykilorð sín á hreinu í aðgerðagrunn og helstu kerfi	Viðbragðsaðilar
Huga þarf betur að því að halda hita á þolendum	Viðbragðsaðilar
VST hefði mátt kalla eftir fleiri flutningstækjum til AST	VST
Víkka út fjarskiptaplan, ekki allir verkþáttastjórar komust að í fjarskiptum	VST
Stjórnendur VST ættu að kynna sér aðstæður í flugturni og nýta sér búnað þar betur.	VST
Tímasetning æfingar, skoða með tilliti til frágangs og dagskrár	Æfingastjórn

Klippiverkefni voru of krefjandi, þurfa að vera raunhæfari en ekki í gegnum botn á sendibíl.

Æfingastjórn

5 Myndir frá æfingunni

Hér má sjá nokkrar myndir frá æfingunni. Fleiri myndir eru á Facebook síðunni „Flugslysæfingar“.

